

92

L Ö G

15. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 22 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fé þetta stofnlánadeildum Búnaðarbankans: Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði, með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

93

L Ö G

15. des.

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts. Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til. Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.
3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.

Styrkir og framlög, sem greidd eru úr hafnarbótasjóði samkv. 1. og 3. lið, skulu endurgreidd sjóðnum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.

Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.